

Að festa námssamfélag um meistaraþrófsverkefni í sessi – Fyrir hverja og af hverju?

Eygló Rúnarsdóttir, Oddný Sturludóttir og Jakob F. Þorsteinsson (JOE)

Menntakvika – 27. september 2024

A photograph of a group of people sitting around several round tables in a modern, brightly lit room with large windows. They appear to be engaged in a discussion or meeting. Some are looking at laptops, while others are talking. The room has a clean, industrial aesthetic with visible ceiling lights and a large window in the background showing a parking lot with cars.

MENNTAKVIKA

Ráðstefna í menntavísindum

JOE – Þróunarverkefni styrkt af Kennslumálasjóði

- **Námssamfélag** um meistaraþrófsverkefni á námsbraut í tómstunda- og félagsmálafræði við menntavísindasvið HÍ
 - Jakob F. Þorsteinsson, aðjúnt
 - Oddný Sturludóttir, aðjúnt og doktorsnemi
 - Eygló Rúnarsdóttir, aðjúnt
- Markmið verkefnisins:
 - Styðja við nemendur að klára M.Ed. Verkefni og efla gæði þeirra
 - Efla leiðbeinendur í leiðsagnarhlutverki og gæði leiðsagnar
- Forsendur verkefnisins
 - Fjölgun nemenda í framhaldsnámi í tómstunda- og félagsmálafræði
 - Nemendur klára námskeið en lokaverkefni situr á hakanum
 - Stefna HÍ26 – Afl á grunni gæða, vandað framhaldsnám og gæði náms í fyrirrúmi
- Helstu samstarfsaðilar:
 - Prófessorar SvaKaHaf – Svanborg R. Jónsdóttir, Karen Rut Gísladóttir og Hafdís Guðjónsdóttir
 - Kennslumiðstöð HÍ – SVÓT-greining, ráðgjöf, rýnihópaviðtöl við nemendur
 - Meistaraneimar
 - 10 nemendur í upphafshópnum janúar 2023
 - 5 þeirra hafa útskrifast
 - 2024-2025: 15 nemendur í námssamfélaginu - misvirkir




Um meistaranám í tómsunda- og félagsmálafræði (M.Ed)

- Vöxtur framhaldsnámsins í TÓS eftir fámenni og hæga framvindu nemenda
- 10 nemendur 2018, 42 nemendur 2020, 30 nemendur 2022 (M.Ed. og viðbótardiplómur)
 - Árið 2024 eru 52 meistaranemendur í heildina
 - 28 í M.Ed námi og 3 í MFK - alls 31 sem mun vinna að lokaverkefni
- 30 ECTS M.Ed. lokaverkefni áskorun fyrir mörg - Jafnvægislist vinnu, náms og einkalífs



Hvað segja
nemendur?

Námssamfélagið er mikill og mikilvægur
stuðningur við skrif meistaraverkefna



Staðfestir fyrri rannsóknir á Menntavísindasviði
Hí um mikilvægi námssamfélaga

Ragný Póra Guðjohnsen, Eygló Rúnarsdóttir og Lóa Guðrún Gísladóttir, 2024; Hafdís Guðjónsdóttir, Svanborg R. Jónsdóttir, Karen Rut Gísladóttir, Edda Óskarsdóttir og Anna Katarzyna Wozniczka, 2022; Svanborg R. Jónsdóttir, Hafdís Guðjónsdóttir og Karen Rut Gísladóttir, 2018; Hafdís Guðjónsdóttir, Svanborg R. Jónsdóttir og Karen Rut Gísladóttir, 2017

Nemendur upplifa stuðning og umhyggju

- „Það er svo mikill stuðningur, það er bæði jafningjastuðningur og aðgengi að sérfræðingunum okkar, sem sagt kennurunum“
- „Maður finnur að maður skiptir máli, þú veist, maður upplifir það frá þeim öllum, það er haft samband“
- „Aðal þemaorðið hérna er pepp!“



Námssamfélagið eflir trú á eigin getu

Sterk sjálfsmynd sem fagfólk á vettvangi en sjálfsefi varðandi meistaraverkefni

- *„Svo fer maður í námssamfélagið, þá kemur peppið aftur, og þannig er kominn í svona nær maður að malla þetta áfram þangað til að maður flæðið“*

– Viðmælandi í rýnihópi

Námssamfélagið býður upp á vettvang til berskjöldunar

- *„Ég til dæmis á það til að brjóta mig svolítið mikið niður, svona ef maður er ekki að gera nógu vel og standa sig en svo kemur maður á fund og þá kemst maður að því að það eru bara allir í svipaðri stöðu að einmitt gera það sama og þú veist það gefur manni svo mikinn styrk“*
- *„Guð, ég get ekkert gert þetta! Ég kann þetta ekkert!“*

– Viðmælendur í rýnihópi

Ábyrgð gagnvart fagvettvangi að skila góðu og vel unnu verki



Elín Hansdóttir - Parallax


Samhlómur í MÚS-amiðum – Það sem ég tek með mér:

- Þakklæti fyrir að vera hluti af frábæru lærdómssamfélagi þar sem maður er alltaf að læra eitthvað nýtt.
- Gott að geta lært nýja hugtök sem gagnast í námi og starfi.
- Mikilvægt að muna að reynslan er eitt besta verkfæri sem maður hefur.
- Það lenda allir einhvern tíman í því að vera fastir og þá er gott að hafa góðan leiðbeinanda/lærdómssamfélag sem hjálpar manni á rétta braut.
- Mér þótti tíminn mjög gagnlegur. Það sem ég tek mest úr tímanum er tvennt. Spenna í að halda áfram og styrkja kjarna verkefnisins og að vera meðvitaður um áhrif mín sem rannsakandi. Taka mið af minni reynslu og þekkingu og taka það í sátt að ég get ekki verið hlutlaus.
- Í dag fékk ég innblástur
- Gott að mæta í dag og viðurkenna fyrir sjálfri mér og samnemendum að ég væri alveg búin að aftengja mig við verkefnið og þarf að skrúfa hausinn aftur á og setja mig í stellingar upp á nýtt.
- Í þessum tíma vil ég skoða stefnuna sem ég ætla að taka og reyna að þróa hana
- Ég vil bara þakka ykkur fyrir tímana. Þeir eru ótrúlega gagnlegir og ýta alltaf undir meiri skilning á efninu mínu.

Mínar væntingar til næstu meistarasmiðju

- Mig langar að sækja mér sama innblástur og ég tók með mér úr síðasta tíma og í raun úr öllum tímum. Svo ofboðslega nærandi og gott samfélag að vera í!
- Fá kraft úr spjallinu, styrkja mig í þessu öllu saman <3
- Standa við markmiðin
- Að viðhalda þessu peppi sem hefur umvafið mig síðustu vikur

Námssamfélag aðgangur að fjölbreyttum auðlindum


- Breiðari speglun á viðfangsefni verkefnisins í hópi samnemenda og kennara
- „Maður fær líka svona beinan aðgang að fleiri, þú veist, maður er með sinn leiðbeinanda, sem hefur ákveðna sérþekkingu sem að tengist okkar verkefnum en svo eru þú veist maður að spegla sig við hina leiðbeinendurna líka sem að sjá hlutina öðruvísi, sem að gefur manni svona dýpri sýn í það sem maður vill“
- „Það er ekki bara ein ríkisleið heldur þú veist...“
- „Og þetta auðgar svo mikið, í staðinn fyrir að fá eitt view þarna þá fékkstu, stærra sko...“
- Praktískur skilningur og upplýsingar um fyrirkomulag, inntaki og umgjörð meistaraverkefna á MVS
-  Skýrara eignarhald nemandans á eigin verki?

Hvað segja kennarar?

- Kennarar sem tóku þátt í verkefninu lýsa einnig jákvæðri reynslu. Þau nefna aukið sjálfstraust í leiðsagnarhlutverkinu og traust innan teymisins sem og dreifðari og sameiginlegri ábyrgð á framvindu og velferð nemenda í þeirri vegferð sem ritun lokaverkefnis er.
- Að festa námssamfélag um leiðsögn í meistaraverkefnum í sessi er mikilvægt fyrir kennara

Að festa námssamfélag um meistaraþrófsverkefni í sessi - Fyrir hverja og af hverju?

- Fyrir nemendur sem upplifa stuðning og aukna trú á eigin getu og efla um leið eigin stöðu og ört vaxandi fagvettvangs
- Fyrir kennara námsbrautar sem starfsþróun í leiðsögn í gegnum námssamfélag
- Fyrir Háskóla Íslands sem útskrifar meistaranema og einingar sem skila sér í hús
- Í takt við rannsóknir sem gefa vísbendingar um mikilvægi námssamfélags fyrir aukin gæði í námi
 - Gæði felast líka í félagslegum tengslum og þekkingarsköpun með gleði í hjarta



Að festa námssamfélag um meistaraþrófsverkefni í sessi



- Fyrir nemendur
 - sem upplifa stuðning og aukna trú á eigin getu
 - sem efla um leið eigin stöðu og styrkja ört vaxandi fagvettvang
- Fyrir kennara
 - sem efla trú á eigin getu
 - sem fá dýrmæta starfsþróun í leiðsögn meistaraþrófsverkefna
 - sem tilheyra námssamfélagi jafningja
- Fyrir Háskóla Íslands
 - sem útskrifar meistaraneina - einingar sem skila sér í hús!
- Af hverju?
 - er í takt við rannsóknir sem gefa vísbendingar um mikilvægi tengsla milli leiðbeinenda og nemenda í leiðsagnarferlinu
(sjá t.d. Grohnert og félagar, 2024)




Ljósmynd tekin í Stakkahlíð að lokinni síðustu smiðju vor 2023

- Gæði felast líka í félagslegum tengslum og þekkingarsköpun með **gleði í hjarta**

Framhaldslíf Endurfæðing Endalok?

- Verkefnastjórn og teymisvinna innan brautar?
- Námskeið – einingarbær málstofa?
- Námssamfélag sem félag nemenda?
 - Nemendastýrt
- Framhaldsnám án lokaverkefna (MT-leið)?



Áskoranir og vangaveltur

- Standa vörð um þekkingu og færni leiðbeinanda sem komin er
- Standa vörð um gæði í kennslu og leiðsögn fyrir nemendur í gegnum námssamfélag
- Samstarf innan námsbrautar um hópleiðsögn
 - Einn fyrir alla og allir fyrir einn?
 - Verkaskipting, ábyrgð, launapáttur
- Kerfisumgjörð HÍ um leiðsögn með lokaverkefnum (e. structural constraints)
 - Tímafjöldi fyrir leiðsögn fasti
 - Aðhald og niðurskurður vinnur gegn því að þróunarverkefni festist í sessi
- Menning og kennslusýn innan námsbrautar og áhrif á mótun námssamfélags



Takk fyrir samfylgdina